

Reglugjörð

til bráðabirgða um vatnsveitu í ytri hluta Akureyrarkaupstaðar (Oddeyri).

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 83, 22. nóvbr. 1907, um viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað 8. okt. 1883, tekur bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar að sér vatnsveituna í ytri hluta kaupstaðarins og hefir bæjarstjórnin á hendi alla stjórn og umráð vatnsveitunnar.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snerta, felur bæjarstjórnin þriggja manna nefnd, er hún kýs til þriggja ára í senn, og skulu að minsta kosti 2 bæjarfulltrúar eiga sæti í nefndinni.

Kosning nefndarmanna fer fram á næsta fundi eftir kosning til bæjarstjórnar, fyrsta sinn í ársbyrjun 1911.

3. gr.

Fyrir 20. september ár hvert semur vatnsveitunefndin, ásamt 2 mönnum, er notendur vatnsveitunnar kjósa til þriggja ára í senn, áætlun um gjöld vatnsveitunnar hið næsta ár og jafnar um leið, ásamt hinum kjörnu mönnum, gjöldum vatnsveitunnar niður á notendur. Notendur teljast allir, er hafa vatnsveitupípur frá aðalæð vatnsveitunnar lagðar inn í hús sín.

4. gr.

Niðurföfnun gjaldsins skal haga þannig, að lagt sé hundraðsgjald á virðingarverð húseigna og má leggja viðaukagjald á húseignir, þar sem einhver sú atvinna er rekin, er telja má afnotafreka á vatn.

Ennfremur má leggja aukagjald á þá, er hafa hesta, kýr eða sauðfé í kaupstaðnum. — Nú vill einhver hafa krana utanhúss eða nota krana vatnsveitunnar til þess að vökva blómreiti, garða, tún eða þessháttar, og getur nefndin leyft það, gegn ákveðnu árgjaldi.

5. gr.

Skrá yfir niðurföfnun á vatnsskatti, ásamt gjaldaáætlun, skal lögð fram til sýnis í síðasta lagi 20. sept. ár hvert. Kærur yfir áætluninni eða niðurföfnun skattsins skulu sendar bæjarstjórn áður en liðnir eru 8 dagar frá framlagning

skrárinnar. Bæjarstjórnin úrskurðar hinar framkomnu kærur áður liðnir eru 14 dagar frá því er kærufrestur var á enda. 119
19. sept.

6. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. apríl og 1. október ár hvert, og greiðist helmingur skattsins á hvorum gjalddaga um sig.

Húseigendur greiða skattinn hver fyrir sína húseign og leigjendur í gjalddaga

7. gr.

Vatnsskatt eftir þessari reglugjörð má taka lögtaki; svo er nefndinni og heimilt að teppa aðrás vatnsins í þau hús, er eigi er greiddur af vatnsskattur í gjalddaga, til þess er vatnsskatturinn er greiddur.

8. gr.

Vatnsskatti fyrir árið 1910, eftir áætlun, er bæjarstjórnin samþykkir, skal hin núverandi vatnsveitunefnd jafna niður fyrir 20. sept. þ. á., og skal gjalddagi á vatnsskattinum fyrir 1910 vera 1. nóvbr. 1910.

Um kærur yfir niðurjöfnun skal farið eftir reglunum í 5. gr.

9. gr.

Vatnsskatti fyrir árið 1911 skal jafna niður fyrir 1. okt. 1910, og skal áætlun og niðurjöfnun fyrir það ár gjörð af vatnsveitunefnd bæjarstjórnarinnar, ásamt þeim 3 mönnum, er notendur vatnsveitunnar hafa kosið til þess að eiga þátt í undirbúningi þessa máls.

Um kærufrest frá 1. oktbr. þ. á. og um úrskurði um áætlun og niðurjöfnun fer eftir ákvæði 5. gr.

10. gr.

Þessi bráðabirgðareglugjörð skal endurskoðuð og endanleg reglugjörð samin um vatnsveituna fyrir 1. jan. 1912.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefir samið og samþykkt, staðfestist hérmeð samkvæmt framangreindum lögum 22. nóv. 1907.

Í stjórnarráði Íslands, 19. september 1910.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.